

Bæjarstjórn - 33

FUNDARBOÐ

33. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. febrúar 2025 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2502004F - Bæjarráð - 30**
Lögð fram fundargerð 30. fundar bæjarráðs.
- 2. 2502001F - Stjórn Náttúrustofu Vesturlands - 5**
Lögð fram fundargerð 5. fundar stjórnar Náttúrustofu Vesturlands.
- 3. 2501005F - Skóla- og fræðslunefnd - 18**
Lögð fram fundargerð 18. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2502002F - Skipulagsnefnd - 27**
Lögð fram fundargerð 27. fundar skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

- 5. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lagðar fram fundargerðir 960., 961. og 962. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. desember 2024, 17. og 22. janúar 2025.
- 6. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram fundargerð 228. fundar Breiðafjarðarnefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 7. 2211003 - Þjóðhátíðarnefnd**
Lögð fram tillaga að þjóðhátíðarnefnd sem sér um hátíðarhöld í Stykkishólmi 17. júní ásamt skýrslu formanns frá síðasta ári.

Bæjarráð vísaði, á 30. fundi sínum, skipun nefndarinnar til næsta bæjarstjórnarfundar.
- 8. 2206035 - Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK)**
Lögð fram skipulagsgögn vegna breytingu á Aðalskipulagi Stykkishóms 2002-2022, vegna stækkunar athafnasvæðis við Hamraenda og grænna iðngarða við Kallhamar.

Skipulagsnefnd óskaði, á 25. fundi sínum, eftir því að skipulagshönnuður og VSÓ ráðgjöf ljúki við gerð skipulagsgagna, þ.m.t. greinargerðar og umhverfisskýrslu, í samræmi við umræður á fundinum. Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 27. fundi sínum. Skipulagshönnuður kom til fundar og gerði grein fyrir fyrirliggjandi vinnu skipulagshönnuðar og VSÓ á 26. fundi skipulagsnefndar. Nefndin taldi þær áherslur sem fram komu í þeim gögnum sem lágu fyrir fundinum og þau áform sem kynnt voru fyrir nefndinni í samræmi við áherslur nefndarinnar.

á 27. fundi skipulagsnefndar voru lögð fram uppfærð skipulagsgögn, í samræmi við framangreint. Skipulagsnefnd samþykki að kynna fyrirliggjandi vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2002-2022, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, samhliða verði kynntar vinnslutillögur deiliskipulagsáætlana fyrir Kallhamar og Hamraendar sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Bæjarráð staðfesti, á 30. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

9. 2206035 - Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK)

Lögð fram skipulagsgögn vegna vinnu við ný deiliskipulög fyrir Kallhamar og Hamraenda.

Skipulagsnefnd óskaði, á 25. fundi sínum, eftir því að skipulagshönnuður og VSÓ ráðgjöf ljúki við skipulagsgögn, þ.m.t. greinargerð og umhverfisskýrslu, í samræmi við umræður á fundinum. Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 27. fundi sínum. Skipulagshönnuður kom til fundar og gerði grein fyrir fyrirliggjandi vinnu skipulagshönnuðar og VSÓ á 26. fundi skipulagsnefndar. Nefndin taldi þær áherslur sem fram komu í þeim gögnum sem lágu fyrir fundinum og þau áform sem kynnt voru fyrir nefndinni í samræmi við áherslur nefndarinnar.

Lögð eru fram uppfærð skipulagsgögn, í samræmi við framangreint. Skipulagsnefnd samþykkti, á 27. fundi sínum, að kynna fyrirliggjandi vinnslutillögur að deiliskipulagi fyrir annars vegar Hamraenda og hins vegar Kallhamar, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, samhliða því að kynnt verði vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna stækkunar athafnarsvæðis við Hamraenda og grænna iðngarða við Kallhamar, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Bæjarráð staðfesti, á 30. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

10. 2411026 - Framkvæmdaleyfi fyrir veg - Berserkjahraun

Lögð fram gögn vegna framkvæmdaleyfis fyrir akveg frá Berserkjahrauni að Helgafellssveitarvegi.

Á 25. fundi sínum benti skipulagsnefnd á, ef fyrirhugað er að fara í nýja veglagningu og teningu við tengivegin, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, skal sá sem óskar eftir framkvæmdaleyfi senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt nauðsynlegum gögnum um fyrirhugaða framkvæmd. Í 7. gr. sömu reglugerðar er tiltekið hvaða gögn þurfi að liggja fyrir, þ.m.t. afstöðumynd hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, hönnunargögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftir, lýsingu á framkvæmd og hvernig hún fellur

að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á. Á grunni framangreinds óskaði skipulagsnefnd eftir þeim gögnum sem liggja þurfa fyrir samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdarleyfi og í framhaldinu verði óskað umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðum áformum áður en endanleg afstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og óskaði jafnframt eftir umsögn Skipulagsstofnunar. Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarráðs á 30. fundi sínum.

Í samræmi við framangreint er lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir akveg frá Berserkjahrauni að Helgafellssveitarsvegi (nr. 557), ásamt umsögnum Vegagerðarinnar, Náttúruverndarstofnunar (áður Umhverfisstofnun), Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar.

Skipulagsnefnd lagði, á 27. fundi sínum, til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir akveg frá Berserkjahrauni að Helgafellssveitarvegi (nr. 557), sbr. 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, með þeim tilmælum að allt rask verði afmáð ásamt því að áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verksins skal stöðva framkvæmd án tafar og láta Minjastofnun vita, skv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Bæjarráð staðfesti, á 30. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

11. 2502019 - Hættuástand þjóðvega á Snæfellsnesi

Bágborið ástand þjóðvega á Snæfellsnesi tekið til umræðu og lagt fram minnisblað bæjarstjóra. Einnig er lagt fram erindi sveitarstjórna á Vesturlandi til forsætisráðherra þar sem óskað er eftir neyðarfundi og skipan viðbragðshóps vegna ástandsins.

Með vísan til fyrirbyggjandi gagna fól bæjarráð, á 30. fundi sínum, bæjarstjóra að fylgja málinu fast eftir á.

12. 2502020 - Lántaka

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 150.000.000,- á árinu 2025 í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2025.

Á 30. fundi sínum lagið bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirhugaðrar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 150.000.000,- á árinu 2025 með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins, þ.m.t. í gatnagerð, viðhaldi og endurbótum fasteigna og fráveitu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jakobi Björgvini S. Jakobssyni kt. 060982-5549, bæjarstjóra, eitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint,

sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

13. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

25.02.2025

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.